

# Stjórnarfundur STÍ nr. 1 2023-19.05.23

Stjórnarfundur STÍ haldin á Teams. Fundur hefst kl. 12:00

Fundarritari: Magnús Ragnarsson

## Mættir eru:

Halldór Axelsson, Guðmundur kr. Gíslason, Jórunn Harðardóttir, Magnús Ragnarsson, Sigurður Ingi Jónsson, Ómar Örn Jónsson og Birna Jóhanna Sævarsdóttir

## Fundardagsskrá:

- Erindi Ríkislögreglustjóra embættis um framtíðarskipulag vegna framkvæmdar námskeiða og prófa í notkun og meðferð skotvopna vegna skotvopnaleyfa.**

Stjórn er jákvæð fyrir þessum lið og mun fara á fund ríkislögreglustjóra og lýsa yfir áhuga á þessu. Stjórn mun ræða og fara yfir þetta fyrir næsta stjórnarfund.

Samþykkt samhljóða
- Bréf frá Skotfélagi Húsavíkur v. agamála.**

Lagt til að málinu sé vísað til aganefndar og óskað eftir úrskurði um stöðu aðila vegna landsliðsmála fyrir STÍ.

Samþykkt samhljóða
- Smáþjóðaleikar (Ómar) Evrópuleikar (Halldór) stutt kynning um stöðu mála.**

Ómar segir að allt sé á áætlun. Verið er að vinna í lausum endum en ennþá vantar handbók vegna leikana. Fatamátun lokið. Lagt til að STÍ leigi bílaleigubíl erlendis þar sem keppnissvæði sé á tveimur stöðum og þarf að fara á milli svæða. Smáþjóðaleikarnir verða haldnir 28. Maí og 4. Júní. Frá STÍ eru 8 keppendur að fara út.

Halldór fer yfir Evrópuleika. Þetta er í þriðja skiptið sem Hákon Þór Svavarsson sem hann kemst inná þessa leika og er það mikið afrek. Núna verður mótinu skipt upp og verður á þremur stöðum og skotfimi verður haldið frá öðrum íþróttum. Hákon fær 4 daga til æfinga fyrir keppni. Evrópumótið verður haldið 19. Júní til 26. Júní

Smáþjóðaleikar eru greiddir 50% af ÍSÍ og 50% af STÍ. Evrópuleikar eru að mestu leiti greiddir af ÍSÍ
- Dagsetning á netfundi um málefni Benchrest.**

Fundarboð verður sent fyrir daginn 6.6.2023

## 5. Önnur mál

Sigurður kemur með tillögu um að setja upp vinnusvæði til að vinna saman í málum á skýjalausn. Sigurði falið að fá lausn hjá microsoft til að vinna í verkefnum á vegum STÍ.

Magnús leggur til að tillögur verða sendar á sig með verkefni sem þarf að setja í ferli.

Ekki fleira gert á fundi og fundi slitið kl. 13:00